

AUGLÝSING

um gildistöku ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á EES-samningnum sem teknar voru með stjórnskipulegum fyrirvara samkvæmt 103. gr. samningsins á árinu 1999.

Eftirtaldar ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sem teknar voru með stjórnskipulegum fyrirvara samkvæmt 103. gr. samningsins á árinu 1999, hafa öðlast gildi á árinu 2001, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 46/2000.

Ákvarðanirnar og þær EB-gerðir sem vísað er til í þeim hafa birst í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, en sú birting er jafngild birtingu í Stjórnartíðindum, sbr. 4. gr. laga um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 91/1994.

Gerð er grein fyrir efni ákvarðananna og gildistöku í fylgiskjali með auglýsingu þessari. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, 31. desember 2001.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

Nr.	Dags.	Efni	Birting í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB	Fyrirhuguð gildistaka samkvæmt ákvörðun	Gildistaka
80/1999	25.06.1999	Breyting á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn. (Tilskipun ráðsins 98/49/EB frá 29. júní 1998 um verndun viðbótarlífeyrisréttinda launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem flytjast á milli aðildarríkja.)	54. hefti, 2000, bls. 87	26.06.1999	01.03.2001
150/1999	05.11.1999	Breyting á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn. (Reglugerð ráðsins (EB) nr. 925/1999 frá 29. apríl 1999 um skráningu og starfrækslu innan bandalagsins á tilteknum tegundum þotna í almenningsflugi sem fljúga undir hljóðhraða og sem hefur verið breytt og nýtt skírteini hefur verið gefið út fyrir til að uppfylla staðla 3. kafla II. hluta I. bindis í 16. viðauka við samþykkt um alþjóðaflugmál, þriðja útgáfa (júlí 1993).)	3. hefti, 2001, bls. 140	06.11.1999	01.02.2001
185/1999	17.12.1999	Breyting á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn. (Tilskipun ráðsins 98/81/EB frá 26. október 1999 um breytingu á tilskipun 90/219/EB um afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera.)	14. hefti, 2001, bls. 174	25.02.2000	01.08.2001